



3. janúar 2025  
Tilv.: 2410101

Dreifibréf nr.: 1/2025  
Til lífeyrissjóða og vörsluaðila séreignarsparnaðar

**Efni:** Skýrsla um úttekt á ávöxtun fellur niður

Árlega hafa lífeyrissjóðir og vörsluaðilar séreignarsparnaðar skilað skýrslu til fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands um úttekt á ávöxtun einstakra eignasafna í samræmi við 11. gr. reglugerðar, nr. 916/2009 um fjárfestingarstefnu og úttekt á ávöxtun lífeyrissjóða og vörsluaðila séreignarsparnað. Framangreind skýrsla inniheldur upplýsingar um ávöxtun fjárfestinga fyrir hvern tegundaflokk skv. 36. gr. a. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Breytingar voru gerðar fyrir nokkru á gagnalíkani sundurliðunar fjárfestinga lífeyrissjóða og vörsluaðila séreignarsparnaðar sem safnað er með vísan til 9. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Á meðal breytinga á gagnalíkaninu er nýr skilareitur, sem ber titilinn „Nafnávöxtun“ og skila skal fyrir hvern tegundaflokk skv. 36. gr. a. laga 129/1997. Skilareitnum er ætlað að koma í stað sérstakrar skýrslu um úttekt á ávöxtun eignasafna lífeyrissjóða og vörsluaðila séreignarsparnaðar.

Með hliðsjón af framangreindu hefur fjármálaeftirlitið ákveðið að fella niður sérstaka skýrslu um úttekt á ávöxtun eignasafna lífeyrissjóða og vörsluaðila séreignarsparnaðar frá og með 1. janúar 2025.

Fjármálaeftirlitið brýnir fyrir skilaaðilum að sjá til þess að skilareiturinn „Nafnávöxtun“ í sundurliðun fjárfestinga sé útfylltur í samræmi við leiðbeiningar í gagnamódeli. Sjá <https://www.fme.is/media/rafraen-skil/Gagnamodel-utgafa-5.2.pdf>

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Gísli Óttarsson  
framkvæmdastjóri  
eftirlitssvið

Unnur Magnúsdóttir  
sérfræðingur  
eftirlitssvið

